

L Ö G

57

23. júní

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands,
framlengist fyrir árin 1937 og 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

58

23. júní

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100
kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, óunnum, kr. 1.00.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um eftirlit með útlendingum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðherra. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar hérlendis skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis dómsmálaráðherra.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.